

222.fundur - 19.maí 2004

Ár 2004 þann 19.maí var haldinn fundur í hreppsnefnd Reykhólahrepps samkv. eftirfarandi dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð 221. fundar
- 2) Fundargerðir byggingarnefndar íþróttahúss frá 23.apríl og 3. maí 2004
- 3) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 4.maí 2004
- 4) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar frá 6.maí 2004
- 5) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 13. maí 2004
- 6) Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2003, fyrri umræða
- 7) Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs
- 8) Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð; minnispointar sveitarfélagsins afhentir heilbrigðisráðherra í heimsókn hans í Barmahlíð 22. apríl (tilkynning)
- 9) Bréf frá Reykhóladeild Lionsklúbbs Búðardals varðandi hátíðahöld 17. júní
- 10) Bréf frá Jóni Ólafssyni í Börmum varðandi fyrirhugaða seyrulosunarstaði í Reykhólahreppi
- 11) "Nýtum skurðinn - tveggja heima sýn", bréf frá Sigurði Atlasyni framkvæmdastjóra Galdrasýningar á Ströndum
- 12) Bætt mataræði - aukin hreyfing barna og unglunga, erindi frá Lýðheilsustöð
- 13) Gerð fótbolta/íþróttavallar á Reykhólum
- 14) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmanvíkurhreppi og Reykhólahreppi; umsögn Reykhólahrepps (var vísað til þessa fundar á aprílfundi hreppsnefndar)
- 15) Vinabæjarsamband við Kulusuk eða Kuummiit á Austur-Grænlandi
- 16) Önnur mál

Fundurinn hófst kl. 15:10 Mættir eftirtaldir: Egill, Bjarki Stefán, Björk og Gústaf. Þórður ekki mættur. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Samþykkt að taka fyrir eftirfarandi önnur mál sem sveitarstjóri lagði fram:

- a) Ráðningarsamningur við Egil Sigurgeirsson, umsjónarmann fasteigna hreppsins
- b) Styrkveiting Landgræðslusjóðs til Skógræktarfélagsins Bjarkar á Reykhólum til girðingar umhverfis væntanleg skjólbelti og skógarlund á Reykhólum (tilkynning)
- c) Hreinsunardagur 2004
- d) Erindi frá Styrju ehf, fyrirspurn um lóð undir lítið sumarhús á Reykhólum
- e) Lánveiting frá Lánasjóði sveitarfélaga v/byggingar íþróttahúss, samþykki sveitarstjórnar
- f) Erindi frá Birni Samúelssyni varðandi uppbyggingu á gömlu Grettislaug, útsýnisskífu o.fl.

Þetta gerðist:

1) Farið yfir fundargerð 221. fundar. Sveitarstjóri renndi yfir fundargerðina

2) Fundargerðir byggingarnefndar íþróttahúss frá 23.apríl og 3. maí 2004. Í fundargerð 3. maí er samþykkt að leita álits hreppsnefndar á vali á gólfefni fyrir íþróttahús. Enn fremur var ákvörðun um efnisflutninga vísað til hreppsnefndar. Sveitarstjóra og oddvita falið að leita eftir hagstæðum flutningum frá heimamönnum. Varðandi gólfefni telur hreppsnefnd parket álitlegra. Fundargerð að öðru leyti samþykkt.

3) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 4.maí. Samþykkt. Ákveðið að fundargerðir nefndarinnar verði birtar á vefsíðu hreppsins þó þannig að erindi tengd einstaklingum verði færð í sérstaka trúnaðarmálabók.

4) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar frá 6.maí 2004. Rætt um endurnýjun á gólfefni. Ákveðið að endurnýja gólfefni í matsal, sjónvarpskrók, kennslustofu og víðar og búa til eitt opið rými á þessu svæði. Ákvörðun um tónlistarkennslu frestað til næsta fundar. Kynntar tillögur Garðars Guðnasonar arkitekts varðandi stækkun hlunnindasýningar í samkomuhúsi Reykhólahrepps. Ákveðið að bíða eftir niðurstöðu starfshóps um hlunnindasýningu sem nú er að störfum.

5) Fundargerð byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar frá 13. maí 2004. Sveitarstjóri lagði fram tvo uppdrætti sem byggingarfulltrúi hafði unnið í samræmi við 1. lið fundargerðar (afmörkun lands undir Reykhólaþorp). Málinu frestað þangað til búið er að kynna ábúanda tillögurnar. Farið yfir byggingarnefndarteikningar að íþróttahúsi og þær samþykktar. Ákveðið að fyrsta skóflustunga að húsinu verði tekin laugardaginn 22. maí kl. 14:00 Varðandi lið 4 um refa- og minkaveiðar beindi nefndin því til hreppsnefndar að kjósa nefnd eða starfshóp er tæki þessi mál til endurskoðunar í heild sinni. Samþykkt að kjósa Svein Ragnarsson, Karl Kristjánsson og Guðjón D. Gunnarsson.

6) Frestað þangað til síðar á fundinum.

7) Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. Gústaf Jökull kjörinn oddviti og Egill varaoddviti til eins árs.

8) Minnispointar til heilbrigðisráðherra varðandi Barmahlíð (tilkynning)

9) Bréf frá Reykhóladeild Lions varðandi hátíðahöld 17.júní. Samþykkt fjárveiting kr. 100.000 og að verkið verði unnið í samræmi við Hótel Bjarkalund.

10) Bréf frá Jóni Ólafssyni á Börmum varðandi fyrirhugaða seyrulosunarstaði í Reykhólahreppi. Jón leggst gegn Hrafnanesi sem seyrulosunarstað. Hreppsnefnd tekur undir með Jóni að Hrafnanesið sé ekki hentugur staður og að annar staður verði fundinn.

11) "Nýtum skurðinn - tveggja heima sýn", bréf frá Sigurði Atlasyni. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu sem sveitarstjórn líst vel á.

12) Bætt mataræði - aukin hreyfing barna og unglunga, erindi frá Lýðheilsustöð. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

13) Gerð fótbolta/íþróttavallar á Reykhólum. Hreppsnefnd samþykkir að farið verði í gerð fótboltavallar norðaustur af skólabyggingu og leitað samstarfs við Ungmennafélagið Aftureldingu.

14) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi, umsögn Reykhólahrepps. Reykhólahreppur gerir ekki athugasemdir en bendir á að hafa verði samráð við eigendur þeirra jarða sem fyrirhuguð veglína liggur um.

15) Vinabæjasamband við Kulusuk eða Kuummiit. Hreppsnefnd er hlynnt því að koma á fót vinabæjarsambandi við Grænland.

16) Ársreikningur Reykhólahrepps lagður fram til fyrri umræðu.

Önnur mál:

a) Ráðningarsamningur kynntur við Egil Sigurgeirsson umsjónarmann fasteigna hreppsins. Egill vék af fundi á meðan. Samningur samþykktur.

b) Styrkveiting Landgræðslusjóðs til Skógræktarfélagsins Bjarkar á Reykhólum til girðingar umhverfis væntanleg skjólbelti og skógarlund á Reykhólum (tilkynning). Hreppsnefnd fagnar því að styrkur fékkst til verkefnisins.

c) Hreinsunardagur 2004. Ákveðið að hann verði 12. júní. Sveitarstjóra og oddvita falið að skipuleggja þetta átak.

d) Erindi frá Styrju ehf, fyrirspurn um lóð undir lítið sumarhús á Reykhólum. Vísað til byggingarnefndar og byggingarfulltrúa.

e) Lánveiting frá Lánasjóði sveitarfélaga v/byggingar íþróttahúss, samþykki sveitarstjórnar. Um er að ræða 10 milljóna króna lán til 15 ára. Sveitarstjórn skrifaði undir samþykkisyfirlýsingu á fundinum.

f) Erindi frá Birni Samúelssyni dgs. 11. maí 2004 varðandi uppbyggingu á gömlu Grettislaug, útsýnisskífu o.fl. Hreppsnefnd tekur heils hugar undir fyrirætlanir um uppbyggingu á gömlu Grettislauginni. Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi málsins. Annað erindi frá Birni dagsett 19. maí 2004 varðandi hvenær bundið slitlag verði lagt á Grettiströð og Reykjabraut o.fl. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:25

Egill Sigurgeirsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)